



HEILBRIGÐISEFTIRLIT AUSTURLANDS

Ársskýrsla 2018

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	2
1.1	ÁRSSKÝRSLA 2018	2
1.2	STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN	2
1.3	SKAMMSTAFANIR	2
2	HEILBRIGÐISNEFND	3
2.1	STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR	4
3	STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2018	5
3.1	STARFSMENN	5
3.2	ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR	5
4	STARFSEMI HAUST 2018	6
4.1	ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2018	7
4.2	EFTIRLIT ÁRSINS	7
4.3	SÝNATAKA	8
4.4	TÓBAKSSÖLULEYFI	8
4.5	KVARTANIR OG ÁBENDINGAR	9
5	MATVÆLAEFTIRLIT 2018	10
5.1	NEYSLUVATN	11
5.2	ÍS ÚR VÉL	12
5.3	MATVÆLAHÓPUR	13
6	HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2018	14
6.1	GISTISTAÐIR	15
6.2	BAÐVATN	15
6.3	HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR	16
6.4	SKIPASKOÐANIR	17
7	MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2018	18
7.1	BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUGERÐUM	19
7.2	FRÁVEITUMÁL SVEITARFÉLAGA	19
7.3	MENGUNARSLYS	20
7.4	UMHVERFISGÆÐAHÓPUR	21
8	LOKAORÐ	22

1 INNGANGUR

1.1 ÁRSSKÝRSLA 2018

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2018. Skýrslunni er skipt niður í þrjú meginsvið, matvælasvið, hollustuháttasvið og mengunarvarnasvið. Ársskýrslan er eingöngu gefin út rafrænt og er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan ásamt fyrri ársskýrslum HAUST aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, www.haust.is.

1.2 STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa 8 sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Djúpavogshreppur og sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

1.3 SKAMMSTAFANIR

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Matvælastofnun	MAST
Umhverfisstofnun	UST
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	UAR

2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð fram að síðasta aðalfundi SSA.

Formaður: Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð

Varaformaður: Árni Kristinsson, Fljótsdalshérað
Gunnildur Imsland, Hornafjörður
Andrés Skúlason, Djúpivogur
Sandra Konráðsdóttir, Vopnafjörður

Fulltrúi atvinnurekanda: Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð

Fulltrúi náttúruverndarnefnda: Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð

Fyrsti fundur nýrrar heilbrigðisnefndar var haldin þann 13. desember 2018. Nefndina skipa:

Formaður: Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð

Varaformaður: Davíð Þór Sigurðarson, Fljótsdalshérað
Gunnildur Imsland, Hornafjörður
Berglind Häsler, Djúpivogur (í leyfi til ársloka 2019)
Aðalheiður Borgþórsdóttir, Seyðisfjörður

Fulltrúi atvinnurekanda: Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð

Fulltrúi náttúruverndarnefnda: Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð

Varamenn: Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir Fjarðabyggð

Benedikt Hlíðar Stefánsson, Fljótsdalshérað

Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Hornafjörður

Kristján Sigurður Guðnason, Hornafjörður

Sandra Konráðsdóttir, Vopnafjörður

F.h. atvinnurekanda: Auður Ingólfssdóttir, Fljótsdalshérað

F.h. náttúruverndarnefnda: Helga Hrönn Melsteð, Breiðdalshreppi



2.1 STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR

Heilbrigðisnefnd fundar sex sinnum á ári og eru flestir fundir nefndarinnar símfundir enda langt á milli nefndarmanna. Nefndin hittist a.m.k. tvisvar sinnum árlega til að funda auk aðalfundar. Síðastliðið ár hittust nefndarmenn, ásamt starfsmönnum heilbrigðiseftirlits, á Seyðisfirði og á Egilsstöðum. Þá var fyrsti fundur nýrrar heilbrigðisnefndar haldinn í Neskaupstað. Aðalfundur HAUST var haldinn í Te-húsinu á Egilsstöðum þann 24. október. Allar fundargerðir heilbrigðisnefndar eru aðgengilegar á vefsíðu HAUST.

Fundir heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2018 voru sem hér segir:

7. febrúar	19. mars
3. maí – Seyðisfirði	3. júlí
12. september – Egilsstöðum	23. október
13. desember – Neskaupstað	

3 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2018

3.1 STARFSMENN

Í byrjun árs 2018 óskaði Helga Hreinsdóttir eftir árs leyfi frá störfum sem framkvæmdastjóri og óskaði jafnframt eftir að fá að starfa sem heilbrigðisfulltrúi í 80% stöðu. Helga hefur starfað sem framkvæmdastjóri HAUST frá árinu 1995. Leifur Þorkelsson tók við tímabundið af Helgu sem framkvæmdastjóri. Hrund Erla Guðmundsdóttir leysti af starfsmann í fæðingarorlofi í byrjun árs og sinni síðan sumarafleysingum að því loknu. Að öðru leyti var starfsmannahald með óbreyttu sniði frá því árið á undan.

Tafla 1. Starfsmenn HAUST á árinu 2018 voru eftirfarandi:

Starfsmaður	Stöðugildi
Borgþór Freysteinnsson, BF mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.
Dröfn Svanbjörnsdóttir DS heilbrigðisverkfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% starf að frátöldu barneignaleyfi
Hákon Hansson, HIH dýralæknir og heilbrigðisfulltrúi	40% stöðugildi
Helga Hreinsdóttir HHr næringarfræðingur, kennari og heilbrigðisfulltrúi	Framkvæmdastjóri til 1.febrúar, eftir það 80% stöðugildi sem heilbrigðisfulltrúi
Hrund Erla Guðmundsdóttir, HEG matvælafræðingur B.Sc.	Afleysingar 100% stöðugildi til júlí
Leifur Þorkelsson, LP sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi. Framkvæmdastjóri frá 1. febrúar
Lára Guðmundsdóttir, LG M.Sc. í auðlindafræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi staðgengill framkvæmdarstjóra

Starfsmenn hittust einu sinni á formlegum starfsmannafundi á árinu og var hann haldinn á Breiðdalsvík. Á fundinum var meðal annars farið yfir viðbrögð við mengun neysluvatns, farið var yfir eftirlitssverkefni ársins, breytingar á lögum, s.s. persónuverndarlögum, og nýja reglugerð um olíumengun frá starfsemi í landi.

3.2 ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR

Yfirlit yfir helstu námskeið, ráðstefnur og fundir sem starfsmenn sóttu á árinu 2018 má sjá hér í töflunni fyrir neðan. Mánaðarlegir samráðsfundir heilbrigðisfulltrúa með Umhverfisstofnun og Matvælastofnun á sviði hollustuhátta, mengunarvarna og matvæla eru ekki taldir fram í töflunni. Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna hittast auk þess ca. einu sinni í mánuði á símfundi og eru slíkir fundir ekki taldir upp.

Starfsmaður	Dagsetning	Fundur/námskeið
HHr	23. janúar	Olíureglugerð samráðsfundur Reykjavík
LG og LP	23. janúar	Námskeið um ný upplýsingalög, Austurbrú Egilsstaðir
LG	24. janúar	Hollustuháttahópur Reykjavík
LP	29-31. janúar	Matvælaráðstefna Osló
HEG	5-9. febrúar	Námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa, Reykjavík
LP og LG	12. febrúar	Kjördæmafundur með þingmönnum, Egilsstaðir
LP	21-22. mars	Námskeið um örverur, Reykjavík
HHr	10-11. apríl	Umhverfisgæðahópur Mosfellsbæ




Heilbrigðiseftirlit Austurlands

LP	8-9 maí	Vorfundur framkvæmdastjóra HES Vík í Mýrdal.
DS og LG	22-24. maí	ROSPA leikvallanámskeið Reykjavík
HHr	11-13. júní	Vatnaráðstefna Osló
LP	3. september	Framkvæmdastjórar HES Reykjavík
LG	13-14. september	Haustfundur Hollustuháttahóps, Ísafirði
LP	17. september	Matvælahópur, Reykjavík
DS	19-20. september	Námskeið í hreinsun stranda v. olíumengunar, Reykjavík
LP og LG	1. október	Kjördæmafundur með þingmönnum, Egilsstaðir
DS og HHr	3. október	Fundur um reglugerð 550/2018, Reykjavík
Allir	16-17. október	Haustfundur SHÍ, Reykjavík
LP	22. október	Fundur með starfsmönnum MAST um ÍsLeyf, Akureyri
LP	5. nóvember	Fundur um smávinnslu MAST/HES, Reykjavík

4 STARFSEMI HAUST 2018

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. matvælalögum.




Mynd 1. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva flokkað niður eftir sviðum.

Eftirlitsskyldum starfsstöðvum fækkar lítillega á milli ára eftir stöðuga fjölgun undanfarin árin ár. Fækkunin er öll á hollustuháttasviði og hana má að öllum líkindum rekja til breytinga á löggjöf um heimagingu. Fjöldi fyrirtækja á matvæla- og mengunarvarnarsviði helst óbreyttur á milli ára.



4.1 ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2018

Á árinu 2018 voru gefin út 149 starfsleyfi. Þar af voru 54 ný starfsleyfi sem eru nokkuð færri leyfi en undanfarin ár



Mynd 2. Útgefin starfsleyfi 2018

Af 54 nýjum starfsleyfum sem gefin voru út á árinu voru 26 á hollustuháttasviði, þar af 14 vegna sölu á gistingu. Ný starfsleyfi sem gefin voru út á matvælasviði voru 17, þar af 10 vegna sölu á veitingum. Á mengunarvarnasviði voru gefin út 11 ný starfsleyfi, flest vegna þjónustu við bíla og tæki.

4.2 EFTIRLIT ÁRSINS


Eftirlitsáætlun ársins 2018 gerði ráð fyrir að alls 850 starfsstöðvar yrðu heimsóttar á árinu í tengslum við reglubundið eftirlit. Heimsóttar voru 777 starfsstöðvar eða 91% sem er lítið eitt lægra hlutfall en undanfarin ár. Aðrar eftirlitsferðir urðu 121, flestar vegna sýnatöku og úttekta í tengslum við gerð starfsleyfis. Eftirfylgniferðir voru 5 og í jafn mörgum tilvikum starfsstöðvar heimsóttar í kjölfar kvartana. Eftirlitsferðir ársins urðu því samtals 898 og má sjá skiptingu þeirra í töflu 2.

Tafla 2 eftirlitsferðir ársins 2018

	Hollustuháttasvið	Matvælasvið	Mengunarvarnasvið	Alls
Á eftirlitsáætlun	379	281	190	850
Reglubundið eftirlit	342	259	176	777
Hlutfall heimsótt	90%	92%	93%	91%
<i>Aðrar eftirlitsferðir</i>				
Úttekt	5	5	2	12
Eftirfylgni	0	3	2	5
Kvörtun	4	1	0	5
Sýnatökuferðir	10	66	23	99
Eftirlitsferðir alls	361	334	203	898

4.3 SÝNATAKA

Á árinu 2018 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlanda alls 430 sýni og sendi til rannsóknar. Tilgangur sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar. Algengustu sýnin eru neysluvatnssýni líkt og áður. Auk þess er tekið talsvert af sýnum til að fylgjast með virkni fráveitukerfa og heilnæmi baðvatns. Á meðfylgjandi mynd sést yfirlit yfir fjölda og tegundir sýna sem tekin voru á árinu. Nánar verður fjallað um sýnatöku og rannsóknarniðurstöður síðar í skýrslunni.




Mynd 3 fjöldi sýna undanfarin 5 ár

4.4 TÓBAKSSÖLULEYFI

Alls höfðu 27 sölustaðir leyfi heilbrigðisnefndar til smásölu á tóbaki í árslok og hafa þeir ekki verið færri frá því að byrjað var að gefa þau út. Ekkert nýtt leyfi var gefið út árinu en fjögur leyfi voru endurnýjuð. Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í 4 ár frá útgáfudegi.

Á meðfylgjandi mynd sést fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa auk fjölda gildra leyfa á hverju ári.



Mynd 4. Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa og fjöldi leyfa í gildi

Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhlíða reglubundu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum.

4.5 KVARTANIR OG ÁBENDINGAR

Í kvartanaskrá HAUST árið 2018 voru skráðar 52 kvartanir eða ábendingar sem er sambærilegur fjöldi og árið 2017.

Kvartanir og ábendingar sem bárust heilbrigðiseftirlitinu voru eins og oft áður með fjölbreyttu sniði. Nokkuð reglulega er kvartað undan fóðrun á hröfnum og dúfum í umdæminu en hávaði og óþrifnaður getur fylgt fóðrun þessara tegunda. Árlega berast HAUST tilkynningar um olíumengun frá *El Grillo* sem sökkt var á Seyðisfirði 10. febrúar 1944. Í tvígang hefur olíu verið dælt úr skipinu, fyrst árið 1952 og svo árið 2001 þegar 60 tonn af olíu var dælt úr skipinu. Var það mat þeirra sem að hreinsuninni komu að um 14 tonn af olíu væru eftir í skipinu sem ekki væri hægt að dæla úr því. Af þessum orsökum er stöðugur olíuleki frá skipinu, sem oftast verður þó aðeins vart við að sumri til.

Kvartanir tengdar matvælum voru með hefðbundnum hætti, m.a. var kvartað undan hráum kjúklingi á veitingastað og músagangi. Á sviði mengunar var annars vegar helst kvartað yfir lykt sem stafaði af einhvers konar iðnaðarstarfsemi og hins vegar númerslausum bílum. Á hollustuháttasviði berst yfirleitt ein ábending um slyshættu í umhverfi barna og var engin undantekning frá því í ár.

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðastliðin fimm ár, skipt niður eftir sviðum.

	2014	2015	2016	2017	2018
Matvæli	5	10	9	9	6
Mengun/umhverfismál	10	14	14	15	14
Hollustuhættir	5	6	18	13	13
Aðrar kvartanir				18	19
alls	20	30	41	55	52

Öllum kvörtunum og ábendingum er fylgt eftir af hálfu heilbrigðiseftirlitsins. Hvert atvik er kannað eftir eðli málsins, sé um alvarlegt atvik að ræða fer heilbrigðisfulltrúi tafarlaust á staðinn og metur aðstæður. Í öðrum tilvikum er viðkomandi rekstraraðila tilkynnt að kvörtun hafi borist og því síðan fylgt eftir í næsta reglubundna eftirliti að úrbætur hafi farið fram.

5 MATVÆLAEFTIRLIT 2018

Matvælafyrirtæki á eftirlitsskrá HAUST voru 399 í árslok 2018 og hélst fjöldi þeirra óbreyttur milli ára. Skiptingu matvælafyrirtækja má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

Flokkur	2014	2015	2016	2017	2018
Stóreldhús	153	158	160	174	173
Vatnsveita	127	136	142	145	145
Smásalar	45	46	45	41	41
Framleiðsla og pökkun	36	38	36	30	31
Önnur matvælafyrirtæki	36	12	11	9	9
Alls	397	390	394	399	399

Eftirlitsáætlun HAUST gerir ráð fyrir því að matvælafyrirtæki séu heimsótt árlega að jafnaði, þó að undanskildum litlum vatnsveitum, sem eru heimsóttar annað hvert ár. Árið 2018 fóru starfsmenn HAUST í 334 heimsóknir í starfsstöðvar á matvælasviði til eftirlits og sýnatöku.



Mynd 5. Eftirlit með merkingum matvæla getur verið snúíð

5.1 NEYSLUVATN


Vatnsveitur með starfsleyfi frá HAUST voru 145 í árslok 2018, þar af 120 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri. Fjöldi vatnsveitna er óbreyttur frá fyrra ári en stærri veitum fjölgar nokkuð, þar sem tekin var ákvörðun um að auka eftirlit með vatnsveitum á fjölförnum ferðamannastöðum. Þannig geta vatnsveitur nú í einhverjum tilvikum flokkast sem stórar veitur þrátt fyrir að íbúafjöldi á svæðinu sé minni en 150, þ.e. ef fjöldi ferðamanna á svæðinu er mikill.

Eftirlit með vatnsveitum fer að mestu fram með sýnatöku, en einnig eru skoðuð vatnsverndarsvæði, einkum brunnsvæði vatnsbóla sem og gögn um innra eftirlit hjá stærri vatnsveitum og vatnshreinsibúnaður, sé hann fyrir hendi.


Sýni úr vatnsveitum eru tekin í samræmi við ákvæði reglugerðar 536/2001 um neysluvatn. Úr vatnsveitum sem þjónusta færri en 150 íbúa er tekið sýni annað hvert ár að jafnaði. Úr stærri veitum eru tekin allt að 6 sýni á ári .



Mynd 6 starfsmaður Fjarðabyggðar aðstoðar við vatnssýnatöku




Af 103 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða fleiri reyndust 99 vera í lagi, en 4 sýni úr tveimur vatnsveitum reyndust hins vegar ófullnægjandi.



Af 99 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða færri reynist 74 vera í lagi. Sýni sem stóðust ekki kröfur voru 25 úr 17 vatnsveitum, eða fjórðungur allra sýna. Við eftirlit á vatnsbólum og vatnstökusvæðum í kjölfar sýnatöku hefur komið í ljós að vatnsból eru oft ekki nægilega vel varin fyrir yfirborðsvatni og í einhverjum tilvikum virðist því miður vanta upp á eigið eftirlit starfsleyfishafa.

5.2 ÍS ÚR VÉL

Eins og undanfarin ár eru tekin íssýni á öllum starfsstöðvum sem hafa leyfi til að selja ís úr vél. Sýnin eru rannsökuð m.t.t. reglugerðar um örverufræðileg viðmið. Niðurstöður koma fram á meðfylgjandi mynd ásamt samanburði við niðurstöður undanfarinna fimm ára.



Mynd 7. Niðurstöður sýnatöku af Ís úr vél undanfarin fimm ár.

Af 14 sýnum sem tekin voru í reglubundnu eftirliti voru 11 metin fullnægjandi eða 79%, sem er lægra hlutfall en undanfarin tvö ár.

5.3 MATVÆLAHÓPUR

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila.

Á vegum hópsins eru meðal annars skipulögð sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti.

Fulltrúi HAUST í hópnum er Leifur Þorkelsson.

6 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2018

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 706 í árslok 2018. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 5. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árið 2018.

Flokkur	2014	2015	2016	2017	2018
Sala á gistingu	240	273	322	344	321
Samkomustaðir	77	81	76	82	84
Skólar og menntastofnarnir	54	51	56	60	64
Íþróttastaða	54	54	54	55	57
Snyrtistofur	42	40	39	38	38
Heilbrigðisþjónusta	34	33	31	33	33
Leiksvæði	44	45	56	67	68
Hestaleigur	8	9	9	11	10
Annað	27	29	37	33	31
Alls	580	615	680	723	706


Fyrirtækjum á hollustuháttasviði fækkaði lítillega á milli ára. Á árinu 2018 fóru starfsmenn HAUST í 361 eftirlitsferð í starfsstöðvar á hollustuháttasviði til eftirlits og sýnatöku.



Mynd 8. Leiksvæðum á starfssvæði HAUST hefur fjölgað á undanföllum árum

6.1 GISTISTAÐIR

Í lok árs 2018 voru 321 gististaðir með starfsleyfi á starfssvæði HAUST. Fram til þessa hafði verið stöðug fjölgun á gististöðum í umdæminu. Aðilum sem bjóða upp á gistingu fyrir færri en 16 gesti, oftar en ekki á einkaheimilum, hefur fækkað mest. Þessir aðilar hafa í auknu mæli flutt sig yfir í svokallaða 90 daga reglu þar sem ekki er gerð krafa um starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Gististöðum þar sem boðið er upp á gistingu fyrir fleiri en 17 manns heldur þó áfram að fjölga í umdæminu.




Mynd 9. Fjöldi gististaða með starfsleyfi á starfssvæði HAUST undanfarin fimm ár.

6.2 BAÐVATN

Alls voru 27 sund- og baðstaðir á eftirlitsskrá HAUST árið 2018 og er það fjölgun um tvo frá árinu á undan.

Mikil áhersla er á að vel sé fylgst með heilnæmi baðvatns og að rekstraraðilar sinni sínum laugarkerfum vel. Reglubundið eftirlit heilbrigðisfulltrúa felst í því að farið er yfir innra eftirlit sundstaða og árlega eru tekin sýni úr öllum sundlaugum og heitum pottum. Almennt er sund- og baðstöðum vel sinnt og standast sýnin oftar en ekki þær gæðakröfur sem gerðar eru til þeirra, eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.



Mynd 10. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarna fimm ára.

Alls voru tekin 61 baðvatnssýni á árinu 2018 og stóðust 90% sýnanna kröfur. Flest þeirra sýna sem féllu í ár voru sýni sem tekin voru úr köldum kerjum við opinbera sundstaði. Skv. breytingu sem gerð var árið 2017 á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er ekki gerð krafa um hreinsibúnað eða sóttþreinsun í köldum kerjum, sé hægt að ábyrgjast heilnæmi vatnsins á annan hátt t.d. með miklu rennsli í gegnum þau. Vera má að auknar vinsældir kaldra baða kalli á sjálfvirkan hreinsibúnað. Standist sýni úr köldum kerjum ekki gæðakröfur, gerir heilbrigðiseftirlitið kröfu um að kerin séu tæmd og þrifu oft, vilji rekstraraðili ekki setja klór í þau.

Öll þau sýni sem tekin voru í náttúrulegum stóðust þær kröfur sem gerðar eru til baðvatns í náttúrulegum. Slík sýni hafa í reynd aldrei fallið í umdæminu enda eru mörkin fyrir gerlatölur í náttúrulegum mjög há og í reynd mun hærra en víða erlendis.

6.3 HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR

Fyrir hönd HAUST sat Lára Guðmundsdóttir sem fulltrúi í hollustuháttahópi sem skipaður er fulltrúum UST og HES. Að jafnaði fundar hópurinn einu sinni í mánuði en fundarhöld liggja niðri yfir sumartímann.

Eftirlitsverkefni hópsins fyrir árið 2017 sneri að sundlaugum og hefur hópurinn unnið slíkt verkefni á fimm ára fresti. Markmið verkefnisins er að kanna stöðu ýmissa öryggisþátta, innra eftirlit og heilnæmi baðvatnsins á opinberum sundstöðum. Niðurstöður verkefnisins liggja ekki fyrir að svo stöddu en verða birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar þegar þar að kemur.

Heilbrigðisfulltrúar í hollustuháttahópnum hittust ásamt fulltrúum Umhverfisstofnunar á árlegum fundi á Ísafirði í september. Fundurinn var tveggja daga og farið var í vettvangsheimsóknir til valinna fyrirtækja á svæðinu, þar á meðal í sundlaugina á Suðureyri og þá vann hópurinn að áhættumati fyrir fyrirtæki sem starfa skv. reglugerð um hollustuhætti. Hópurinn ræddi auk þess endurskoðun á reglugerð um hollustuhætti en hópurinn vinnur nú, í samstarfi við Umhverfisstofnun, tillögur að breytingum á reglugerðinni.

6.4 SKIPASKOÐANIR

Í samræmi við kröfur í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni þurfa öll skip, sem eru í millilandasiglingum og koma að landi á Íslandi, að hafa gilt sóttvarnaundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. HAUST hefur á undanförnum árum skoðað skip og gefið út slík vottorð í kjölfarið.

Árið 2018 framkvæmdi HAUST 10 skipaskoðanir, sem, eins og fyrr, fóru flestar fram í Mjóeyrarhöfn. Árið 2017 voru framkvæmdar 8 slíkar skoðanir og 5 árið 2016 og hefur þeim því farið rólega fjölgandi.

7 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2018

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2018 voru 358 starfsstöðvar sem falla undir mengunarvarnaeftirlit, þ.e. starfsstöðvar með starfsleyfi skv. reglugerð um starfsemi sem getur valdið mengun. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár. Vert er að taka fram að inni í þessum tölum eru starfsstöðvar sem HAUST hefur eftirlit með skv. samningi við Umhverfisstofnun.

Tafla 6. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnasviði.

Flokkur	2014	2015	2016	2017	2018
Þjónusta við bíla og tæki	129	128	124	123	124
Meðferð úrgangs	70	83	79	84	82
Matvælavinnsla	48	42	38	43	43
Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h.	27	27	26	27	28
Jarðefnavinnsla	17	17	16	15	16
Þauleldi	18	7	7	7	4
Trésmíðaverkstæði	14	14	14	14	14
Verslanir og vörugeymslur	5	4	4	5	5
Þvottahús og efnalaugar	7	7	9	9	11
Annað	28	30	30	31	31
Alls:	363	359	347	358	358

Á árinu 2018 fóru starfsmenn HAUST í 203 eftirlitsferðir í starfsstöðvar á mengunarvarnasviði til eftirlits og sýnatöku.



Mynd 11. Úrgangsoljutankur

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Reglubundið mengunarvarnaeftirlit fer fram með fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Tíðni eftirlits ræðst af því hve mikil hætta er talin á mengun umhverfis frá starfsemi. Fyrirtæki sem stunda starfsemi þar sem lítil hætta er talin á mengun eru heimsótt fjórða hvert ár að jafnaði á meðan fyrirtæki með meiri áhættu eru heimsótt árlega að lágmarki. Eftirlit gekk vel á árinu, fáar stórar athugasemdir voru gerðar og ekki þurfti að beita þvingunarúrræðum.

Frá árinu 2013 hefur fyrirtækjum í flokknum „Þauleldi“ fækkað mikið. Með lagabreytingu var eftirlit með fiskeldi fært til UST og MAST og því tengjast þau þauleldisbú sem eftir voru öll loðdýraeldi. Loðdýrabúin og fóðureldhúsin sem þeim tengdust hafa nú öll hætt starfsemi og árið í ár fólst eingöngu í eftirliti með frágangi starfsstöðvanna. Starfsleyfin voru formlega felld úr gildi árið 2018.

7.1 BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUGERÐUM

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir var breytt á árinu 2017. Með lagabreytingunni kom til ný reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og tók hún gildi 15. maí 2018. Með tilkomu nýrrar reglugerðar voru reglugerðir nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, og 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, felldar brott.

Í reglugerð nr. 550/2018 er krafa um að starfsleyfisumsóknir séu auglýstar á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins, auk þess sem auglýsa þarf starfsleyfisdrögin í fjórar vikur. Almennungur og aðrir hlutaðeigandi geta þá komið á framfæri athugasemdum sínum innan auglýsingatímans. Með útgefnu starfsleyfi fylgir greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, ef við á, og gerð grein fyrir afstöðu heilbrigðiseftirlitsins til athugasemda sem bárust.

7.2 FRÁVEITUMÁL SVEITARFÉLAGA

HAUST hefur gefið úr 14 starfsleyfi vegna fráveitu fyrir þéttbýliskjarna á undanförunum árum. Lagnakerfi í þéttbýli er að stórum hluta einfalt og því hefur regn- og ofanvatn mikil áhrif á rennsli í fráveitukerfum.



Mynd 12. Skólphreinsivirki á bökkum Eyvindarár

Þá eru í gildi 8 starfsleyfi fyrir skólphreinsivirki þar sem skólþ er hreinsað með tveggja þrepa eða ítarlegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka.

Reglulegt eftirlit er með fráveitum frá þéttbýli og eru að meðaltali tekin 4 sýni árlega úr viðtökum til greiningar á saurgerlabakteríum. Sýni eru tekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Um er að ræða stikkprufur til að fá hugmynd um hvort og þá hugsanlega hve mikil skólþmengun er í umhverfi viðtaka, s.s. í fjörum við þéttbýliskjarna. Sýnatökustaðir eru valdir m.t.t. útivistarsvæða, í nágrenni matvælafyrirtækja eða í námunda við útrásir. Saurmengun er metin skv. ákvæði reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og er markmiðið að allur strandsjór geti flokkast í umhverfismörk I eða II, þ.e. lítil, mjög lítil eða engin saurmengun.

Af 126 fráveitusýnum sem tekin voru 2018 voru 101 vegna sýnatöku fráveitna fyrir skólþ, þ.e. 40 sjósýni og 61 sýni frá skólphreinsistöðvum og úr árvatni. Stikkprufusýni gefa vissulega takmarkaðar upplýsingar en þó sæmilega vísbendingu um ástandið og geta nýst við stefnumörkun í fráveitumálum sveitarfélaga.

Niðurstöður rannsókna á strandsjó við þéttbýli á Austurlandi sýna sem betur fer mikla hreinsigetu sjávar og vatnsfalla í flestum tilvikum, en þó mælist skólþmengun á nokkrum stöðum og nokkur dæmi eru um ófullnægjandi ástand.

7.3 MENGUNARSLYS

HAUST kom að tveimur mengunaróhöppum tengdum starfsemi fiskimjölsverksmiðju á Fáskrúðsfirði sumarið 2018, í samræmi við ákvæði í samningi UST og HAUST um framkvæmd eftirlitsverkefna.

Í júní ollu mannleg mistök við útskipun því að um það bil tvö tonn af lýsi runnu sjóinn. Talsverð fita barst að landi og uppi fjörur og hafði það slæm áhrif á fuglalíf á svæðinu. Fulltrúi frá HAUST fór á staðinn strax eftir óhappið, fylgdist með aðgerðum og upphreinsun á svæðinu og gerði eftirlitsskýrslur í kjölfarið. Einnig sátu fulltrúar HAUST fundi með UST og fulltrúum viðkomandi fyrirtækis um viðbrögð og úrbætur vegna óhappsins.



Mynd 13. Grútarmengun í Fáskrúðsfirði.

Í ágúst yfirfylltist hreinsivirki frá vinnslunni og óhreinsað fráveituvatn rann til sjávar. Greinilegur flekkur myndaðist á sjónum í firðinum við útrásaropið en ekki kom til þess að mengun bærist upp í fjörur. Fulltrúi frá HAUST fór í eftirlit á staðnum og í eftirlitsskýrslu kom fram að fyrirtækið hefði gert ráðstafanir til draga úr líkum á því að óhappið endurtæki sig.

7.4 UMhverfisgæðahópur

Umhverfisgæðahópur er líkt og hollustuháttahópur, skipaður fulltrúum UST og HES. Fyrir hönd HAUST sat Helga Hreinsdóttir sem fulltrúi í umhverfisgæðahópnum. Dröfn Svanbjörnsdóttir kom úr barneigna- og sumarleyfi 1. júní 2018 og eftir það sátu Helga og Dröfn báðar fundi umhverfisgæðahópsins. Að jafnaði fundaði hópurinn einu sinni í mánuði símléiðis en fundarhöldin lágu niðri yfir sumartímann.

Hópurinn hittist árlega, yfirleitt á vorin, og að þessu sinni var haldinn tveggja daga fundur í veiðihúsi í Kjós. Samræmd verkefni 2018 sneru annars vegar að könnun á klórmagni í fráveitu sund- og baðstaða og mögulegum áhrifum þess á viðtaka og hins vegar að samræmingu eftirlits með söfnunarstöðvum (urðunar- og úrgangsmóttökustaðir) og söfnun upplýsinga í vefrænan gagnagrunn. Skoðunarferð var farin á gamlan urðunarstað frá stríðsárunum og litið var á setþró sem er hönnuð til að hreinsa rigningarvatn frá íbúðahverfi. Einnig var skoðað malbikað plan sem notað er til haugsetningar á alifuglaskít og tvö iðnaðarsvæði heimsótt.

Hópurinn hefur unnið að verkefnum til þess að samræma eftirlit á landsvísu, s.s. áhættumati fyrir mengandi starfsemi þannig að áhættumat sé framkvæmt með sama móti um land allt, uppfærslu samræmdra starfsleyfiskilyrða og gerð gátlista í eftirliti.

Í tengslum við reglugerðir um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi var mikið unnið milli funda, m.a. að því að stuðla að samræmdum vinnubrögðum í eftirliti og við útgáfu nýrra starfsleyfa.

8 LOKAORÐ

Starfsemi HAUST á árinu 2018 gekk vel sem og samstarf við eftirlitsþega og sveitarfélög og samstarfsstofnanir. Í febrúar fékk Helga Hreinsdóttir ársleyfi frá starfi framkvæmdastjóra að eigin ósk og fór þess í stað í 80% starf sem heilbrigðisfulltrúi. Leifur Þorkelsson sinnti framkvæmdastjórstöðunni á meðan Helga var í leyfi. Sveitarstjórnarkosningar fóru fram á árinu og samkvæmt venju tók ný heilbrigðisnefnd til starfa að loknum kosningum.

Samningur á milli UST og HAUST um framsal eftirlits með sorpurðun, spilliefnamóttöku og fiskimjölsværksmiðjum gildir út árið 2019. HAUST hefur nú haft eftirlit með fiskimjölsværksmiðjum frá árinu 1995 og sorpurðun og spilliefnamóttöku frá 1998. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel að mati HAUST. Sem nærtæk dæmi um kosti þess að sinna eftirlit úr nærumhverfi má nefna tvö mengunaróhöpp sumarið 2018 þegar fulltrúar HAUST sinntu eftirliti f.h. UST.

HAUST hefur á undanförunum árum lýst vilja til að taka að sér aukin verkefni fyrir MAST og UST. Sveitarfélög á svæðinu hafa tekið undir þetta og í ályktun aðalfundar SSA sem haldin var á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 var enn á ný skorað á ríkisvaldið að marka þá stefnu að UST og MAST verði breytt í stjórnsýslustofnanir og eftirlitshlutverk þeirra fært til heilbrigðiseftirlits.

Maí 2019



Lára Guðmundsdóttir
staðgengill frkv.stjóra



Leifur Þorkelsson
framkvæmdastjóri HAUST